um till. til þál. um heyverkunarmál.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls.

Undirritaður minni hluti lítur svo á, að hér sé um mjög þýðingarmikið mál að ræða.

Heyverkunin er enn einn veikasti hlekkurinn í landbúnaðarframleiðslunni. Ræktun og tilbúinn áburður tryggir grasvöxtinn. Vélakosturinn gerir mögulegt að losa og flytja í geymslur mikið magn fóðurs á skömmum tíma. Hins vegar skortir mjög á það, að aðstaða sé fyrir hendi til þess að verka töðuna á öruggan hátt í erfiðu árferði.

Úrbætur í þessum efnum hafa gengið hægar en skyldi. Ýmis atriði hafa ekki heldur verið könnuð til neinnar hlítar.

Við leggjum því til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. maí 1964.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Halldór E. Sigurðsson. Ingvar Gíslason.